

**Tungnaáreyrar, efnistaka – Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu, auglýst frá 27.03.2026 til 24.04.2026. - Umsagnir um bárust frá 9 aðilum á auglýsingartíma tillögu.**

Eftirfarandi eru viðbrögð Landsvirkjunar vegna umsagna:

| UMSÖGN                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      | VIÐBRÖGÐ                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Heilbrigðiseftirlit Suðurlands 21. apríl</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |
| Gerir enga athugasemd og telur ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.                                                                                                                                                                                                                                                                                                               | Þakkað fyrir umsögn.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
| <b>Rangárþing Ytra 24. apríl</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                            |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |
| Telur ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  | Þakkað fyrir umsögn.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
| <b>Náttúruverndarstofnun 24. apríl</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |
| Að mati stofnunarinnar, með hliðsjón af eðli framkvæmdar, staðsetningu hennar og verndargildi svæðisins, er ekki líklegt að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Stofnun bendir þó á að skýra þurfi betur tiltekna umhverfisþætti, einkum varðandi jarðmyndanir og landslag, áður en endanlega ákvörðun um matsskyldu er tekin.                                                                                                                                        | Þakkað fyrir umsögn.<br><br>Framkvæmdaraðili telur að þegar hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir þeim áhrifum í matsfyrirspurninni. Þar kemur fram að framkvæmdarsvæðið er nú þegar raskað vegna efnistöku, vegslóða og annarra mannvirkja á svæðinu. Tekið er fram að jarðmyndanir verði fyrir neinu og varanlegu raski innan framkvæmdarsvæðis, en að áhrif séu takmörkuð í ljósi þess að um sé að ræða áframhaldandi nýtingu á þegar röskuðu svæði. Þá er jafnframt gerð grein fyrir því að áhrif á ásýnd og landslag séu takmörkuð, meðal annars vegna þess að efnistaka er lágt í landi, svæðið ber nú þegar skýr merki framkvæmdar og gert er ráð fyrir frágangi og landmótun að framkvæmdi lokinni. Framkvæmdaraðili telur að m.t.t eðlis og umfang framkvæmda hefur þegar verið gerð nægileg grein fyrir áhrifum á jarðmyndanir og landslag. |
| <b>Náttúrufræðistofnun 24. apríl</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |
| Stofnunin telur ólíklegt að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif í skilningi laga nr. 111/2021. Ekki er að finna vistgerðir með hátt verndargildi á svæðinu og áhrif á lífríki og landslag eru talin takmörkuð og að mestu staðbundin. Náttúrufræðistofnun leggur þó áherslu á að við framkvæmdina verði gætt að áhrif á vatnshlot og að tekið sé mið af samlegðaráhrifum með öðrum framkvæmdum á svæðinu.                                                              | Þakkað fyrir umsögn. Ekki er talið að framkvæmd hafi áhrif á vatnshlot, enda mun koma fram í umsókn um framkvæmdaleyfi að ekki verða geymd megnandi efni s.s. olíur, umfram það sem er á vinnuvélum hverju sinni. Unnið verður áhrifamat fyrir vatnshlot á svæðinu í samræmi við umsögn Umhverfis- og orkustofnunar sem lagt verður fram við umsókn um framkvæmdaleyfi.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |
| <b>Vegagerðin 24. apríl</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |
| Vekur athygli á því að Landvegur er flokkaður sem tengivegur í flokki C7 en leyfileg þungaumferð um slíka vegi eru fimm þung ökutæki á sólarhring samkvæmt veghönnunarreglum Vegagerðarinnar. Stofnunin ítrekar mikilvægi samráðs vegna flutninga um vegakerfið og bendir á að til viðbótar við samráð og leyfi vegna þunga og stórra flutninga þarf leyfi Vegagerðarinnar fyrir öllum tengingum við þjóðvegi sem og fyrir öllum framkvæmdum og mannvirkjum innan veghelgunarsvæðis. Minnst | Þakkað fyrir umsögn og minnir á náið samstarf við Vegagerð varðandi sérstæða flutninga s.s. þungaflutninga og mun það að sjálfsögðu verða áfram verði um slíka flutninga að ræða um þjóðvegakerfið. Áætluð nýting mun klárlega fara yfir umrædd mörk, þá daga sem efnisflutningar eru en leitast verður við að haga þeim með þeim hætti að þeir verði að mestu utan þess tíma sem umferð er hvað mest s.s. að nóttu                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |

|                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| fjórar einbreiðar brýr eru í næsta nágrenni svæðisins þar sem þungatakmörkanir eru í gildi. Sækja þarf um undanþágu frá Samgöngustofu vegna þungaflutninga á vegum og brúm þar sem sett eru mörk á leyfilegan öxulþunga og heildarflutninga á sólarhring. Vegagerðin leggur einnig áherslu á að farmur sé tryggður áður en ekið er inn á þjóðvegi.                                                                                                                                                                                                                                              | til. Áætluð nýting er þó að stórum hluta innan skilgreinds iðnaðarsvæðis við Vaðölduver og því einungis yfir eina brú að fara. Ekki er gert ráð fyrir að efnisflutningar séu yfir mörk leyfilegs öxulþunga.                                                                                                                 |
| <b>Umhverfis- og orkustofnun 27. apríl</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             |
| Stofnunin telur að nauðsynlegt sé að áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot liggi fyrir áður en ákvörðun er tekin um framkvæmdarleyfi. Við það mat þurfi að horfa heildstætt til áhrifa á vatnsformsfræðilega, efnafræðilega og vistfræðilega gæðapátta straumvatna, þar með talið áhrifa á fisk.                                                                                                                                                                                                                                                                                                   | Þakkað fyrir umsögn. Ekki er talið að framkvæmd hafi áhrif á vatnshlot en áhrifamat á vatnshlot verður lagt fram með umsókn um framkvæmdarleyfi.                                                                                                                                                                            |
| <b>Fiskistofa 27. apríl</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             |
| Bendir á að framkvæmdir sem þessar kunni að vera háðar leyfi Fiskistofu.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        | Þakkað fyrir umsögn. Sótt verður um leyfi vegna framkvæmda m.a. til Fiskistofu.                                                                                                                                                                                                                                             |
| <b>Land og skógur 30. apríl</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             |
| Gerir ekki athugasemd.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          | Þakkað fyrir umsögn.                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |
| <b>Forsætisráðuneytið 7. maí</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             |
| Ráðuneytið telur framkvæmdina ekki matsskylda en fjalla þurfi um mótvægisáðgerðir framkvæmdaraðila þar sem efnistökusvæðið liggur á milli tveggja straumvatnshlota og því möguleiki á að rennsli geti breyst eftir umfangi og staðsetningu efnistökkunnar. Gerir einnig kröfu um að sem minnst rask verði á landslagi, jarðvegi og á landi, að við frágang og á meðan efnistöku stendur verði þess gætt að hafa yfirborð sem líkast aðliggjandi landi og að röskuð svæði verði mótuð í samræmi við landslag. Umgengni um svæðið skal vera til fyrirmyndar á meðan efnistaka fer fram á svæðinu. | <p>Þakkað fyrir umsögn.</p> <p>Ekki er talið að framkvæmd muni hafa áhrif á stöðu vatnshlota en að jafnaði lítið rennsli þar sem vatni Tungnaár er veitt í Búðarhálsvirkjun en þó kann yfirfallsvatn og flóðavatn að renna um farveg.</p> <p>Áhrifamat vatnshlota verður lagt fram samhliða umsókn um framkvæmdarleyfi.</p> |